



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hálsaskógur

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3 Innra mat deilda	11
3.1 Birkilundur	11
3.2 Grenilundur	14
3.3 Víðilundur	16
3.4 Litlilundur	19
3.5 Vík	22
3.6 Bali	24
3.7 Strönd	26
4 Innra mat sérkennslu	28
5 Innra mat – fjöltyngd börn	30
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	31
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	32
8 Foreldrasamvinna	33
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	34
Skipulagsdagar 2023-2024	34
10 Fylgigögn	36
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	36



Leiðarljós leikskólans

Leikur

- Leikurinn er allan daginn.
- Lærum í gegnum leikinn, bæði börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Unnið er út frá áhugasviði hvers og eins.
- Frjálsi leikurinn er í hávegum hafður.
- Sjálfsprottin leikur.
- Útileikir.
- Hreyfileikir og leikir unnið út frá tónlist.
- Boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem hvetur börnin til að sköpunar.
- Notum leikinn til að byggja traust.

Virðing

- Að hlusta á aðra, allir hafa rödd og skoðanir.
- Að eiga góð og jákvæð samskipti.
- Vera góðar fyrirmyndir, börn og starfsfólk.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Öll erum við einstök með ólíkar þarfir.
- Efla sjálfsvirðingu.
- Að nálgast hvern og einn á þeirra forsendum.
- Sanngirni, þolinmæði, áhugi og sveigjanleiki.
- Bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Bera virðingu fyrir samstarfsfólki.
- Sýna góðmennsku.

Vinátta

- Traust og heiðarleiki.
- Sýna umhyggju.
- Opin og jákvæð samskipti og að samskipti séu í báðar áttir.
- Sýna samkennd og væntumþykju.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Að hlusta á aðra.
- Að deila með öðrum.
- Að kunna málamiðlun.
- Samvinna og samstarf.
- Hjálpssemi.
- Sýna umburðarlyndi og virðingu.
- Að tilheyra.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2022-2023 hefur einkennst af myglumálum og að halda okkur á flot í gegnum þann ólgusjó. Síðastliðið haust kom í ljós að það var mygla á nokkrum stöðum í Borginni þar sem yngri börnin okkar voru. Það gekk erfiðlega að finna húsnæði fyrir okkur til að flytja í og var það ekki fyrr en í byrjun janúar sem starfsemin var flutt í nýjan leikskóla, Ævintýraborgir við Vogabyggð. Þangað fluttu 43 börn ásamt sínu starfsfólki. Við ákváðum strax að reyna að koma til móts við foreldra sem áttu börn í báðum húsum og tókum því 13 börn yfir í Kot en það voru allt börn sem áttu eldri systkini í Koti. Það var því útbúin fjórða deildin í Koti sem nefnist Litlilundur og er ansi þröngt á þingi í Koti. Allar þessar breytingar gengu ótrúlega vel en það verður þó að viðurkennast að fyrstu tveir og hálfur mánuður þessa árs voru ansi þungir og erfiðir og tóku sinni toll af starfsfólki. Það hefur verið mjög erfitt að fá upplýsingar um stöðu framkvæmda, verkáætlun og tímaáætlun og var það ekki fyrr en í byrjun júní að við fengum almennilegar upplýsingar. Í fyrstu var talað um að framkvæmdir myndu taka fjóra mánuði en nú er komið í ljós að þær munu taka tvö ár. Við munum því verða með yngri börnin okkar í Vogabyggð til áramóta 2024/2025.

Seinni hluti framkvæmda í garðinum í Borg fór ekki fram á síðasta ári eins og fyrirhugað var en núna er þær framkvæmdir hafnar og verður þeim lokið seinnipart sumars. Þó svo að það sé engin starfsemi í húsinu þá geta börnin í Koti notað garðinn þegar hann verður tilbúinn.

Í byrjun árs fékk Hálsaskógur hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs fyrir Tilfinningaverkefnið. Það verkefni þróaði Carolina Bettina Schindler sem er menntaður listmeðferðarfræðingur og hefur starfað í Hálsaskógi í hlutavinnu. Því miður verður hún ekki með okkur næsta skólaár en við höfum fengið góðfúslegt leyfi hennar til að vinna áfram með verkefnið. Í verkefninu vinna börnin með tilfinningar og skynjun.

Á vormánuðum komu til okkar þrír belgískir nemar í starfsþjálfun en það er liður í Erasmus verkefni sem leikskólinn tekur þátt í. Á næsta ári eigum við von á fleiri nemum en það er óhætt að segja að svona verkefni auðga leikskólastarfið og gefa bæði okkur (börnum og starfsfólki) og nemunum tækifæri til að kynna nýrri menningu og hugsun. Auk þessa höfum við tekið á móti nokkrum erlendum leikskólakennarahópum sem hafa fengið að koma og skoða leikskólann.



Loksins kom að því að starfsmenn gátu farið í námsferðina sem upphaflega átti að fara í vorið 2020! Hópurinn fór til Stokkhólms í Svíþjóð þar sem við kynntum okkur sænsk leikskólastarf með áherslu á útinám og fjölmenningu. Þetta var mjög kærkomin ferð þar sem starfsmannahópurinn hefur verið aðskilinn á tveimur stöðum síðan í byrjun árs. Þarna náðum við að hrista okkur saman og eiga góðar stundir, auk þess sem allir komu heim með fullt af nýjum hugmyndum sem margar hverjar eru komnar í framkvæmd.

Endurgerð námskrár Hálsaskógar er nú á lokametrunum og mun líta dagsins ljós á næstu vikum. Hana verður að finna á lendingarsíðu leikskólans hjá Reykjavíkurborg.

Það er óhætt að segja að þrátt fyrir mjög margar áskoranir síðastliðið skólaár þá fyllist undirrituð af endalausum stolti yfir þeim frábæra starfsmannahóp sem starfar í Hálsaskógi. Samstaða, samvinna og



mikill vilji til að halda í gleðina einkennir hópinn sem hefur einsett sér að gera allt til að halda uppi faglegu starfi ásamt því að veita börnunum endalausa hlýju og umhyggju.

Við munum því halda áfram að mæta þeim áskorunum sem bíða okkar en vonum vissulega að næsta skólaár verði töluvert rólegra og hefðbundnara en síðustu þrjú ár og hálf ár hafa verið!

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Innra mat fer fram reglulega yfir allt skólaárið í Hálsaskógi. Það er gert á deildarfundum, stjórnendafundum, á skipulagsdögum og með börnunum, bæði einstaklingslega og í litlum hópum. Notast er við endurmatshæfti þar sem endurmatið er skráð í og einnig er unnið eftir umbótaáætlun úr starfsáætlun síðasta árs.

Eftir enn eitt fordæmalaus árið þá er ljóst að okkur hefur tekist að vinna að mörgum þeirra þátta sem við höfðum ætlað okkur en einhverju náðum við ekki. Þá þætti munum við þó halda áfram með og reyna að koma þeim betur inn í dagskipulag leikskólans.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Menntastefna. Útinám og læsi	Á deildarfundum, skipulagsdögum Í umræðum með barnahópnum	Starfsmenn og börn	Almennt hefur þetta tekist vel. Það hefur verið farið reglulega í útinám þar sem lögð er áhersla á félagsfærni og læsi. Mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin í tengslum við það. Í Vogabyggð hjá yngri börnunum varð hlé á útináminu á meðan þau voru að koma sér fyrir á nýjum stað en það hefur þó verið á uppleið á vormánuðum
Grænfáni	Á deildarfundum, skipulagsdögum	Starfsmenn og börn	Vinna fór vel af stað að hausti með þema grænfánans „orka og vatn“. Það fór þó að halla



	Í umræðum með barnahópnum		undir fæti eftir áramót og var ákveðið að bíða í eitt ár með að sækja um nýjan grænfána vegna aðstæðna. Það verður unnið að fullum krafti næsta skólaár með þetta þema og sótt um nýjan grænfána vorið 2024.
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	Á deildarfundum, skipulagsdögum Í umræðum með barnahópnum	Starfsmenn og börn	Við viljum ná að dýpka okkur meira í vinnu með Barnasáttmálann. Þeir þættir sem eru orðnir fastir í dagskipulaginu s.s. deildarsáttmálar og vinna í kringum þá fyrir dag mannréttinda barna ganga vel. Við viljum vinna enn frekar með einstaka greinar. Allt starfsfólk er þó meðvitað um að starfið okkar snýst að öllu leyti um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, þar sem við höfum ávallt réttindi barnsins í forgrunni og berum virðingu fyrir öllum börnum og skoðunum þeirra. Þetta finnst okkur vera komið að einhverju leyti inn í daglegt starf með börnunum, að heyra þeirra skoðanir og fá þeirra álit á því sem við kemur starfinu í leikskólanum. Aukin áhersla verður á beina vinnu með Barnasáttmálann á næsta skólaári.



Ytra mat

Ár hvert eru gerðar viðhorfsskannanir hjá starfsmönnum og foreldrum. Þessar kannanir er framkvæmdar af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun starfsmanna kom þokkalega út en þátttaka í henni var því miður ekki nóg þrátt fyrir að minnt væri reglulega á hana. Niðurstöður hennar voru svipaðar og á síðasta ári.

Um 50 prósent starfsmanna svöruðu könnuninni þetta árið. Meðaltal allra þátta var 4,13 stig af fimm mögulegum. Þeir þættir sem komu best út voru: stjórnun og starfsandi. Tveir þættir voru áberandi lægstir en það voru: launakjör og vinnuskilyrði.

Viðhorfsskönnun foreldra var framkvæmd óvenju seint og voru niðurstöður hennar að berast núna. Í heildina kom könnunin þokkalega út þó svo að í einhverjum tilvikum hafi ánægja verið ívið minni en í fyrri könnun. Heildaránægja með leikskólann var 4,38 stig en var í fyrri könnun 4,50 stig. Áberandi var að það var minni ánægja í hópi foreldra yngstu barna en teljum við það vera skiljanlegt í ljósi aðstæðna sem hafa ríkt hjá yngri börnunum í vetur.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfsskönnun starfsmanna á vegum SFS	Með rafrænni spurningakönnun	Starfsmenn	Starfsskilyrði komu ekki nógu vel út og það er þáttur sem við getum skoðað.
Viðhorfsskönnun foreldra á vegum SFS	Með rafrænni spurningakönnun	Foreldrar	Það að foreldrar þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans fékk undir 4 stig og ætlum við því að skoða hvernig við getum komið þeim upplýsingum til foreldra. Hugmynd er að vera með kynningu á stefnunni og gildum á



foreldrafundi í haust.
Einnig ætlum við að vera
með foreldraviku þar sem
foreldrum er boðið að
koma og eyða dagsparti
með barni sínu í
leikskólanum.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Vinnuálag og starfsskilyrði	Að starfsmenn upplifi að þeir hafi stjórn á álagi í starfi	Álagsþættir í starfi skoðaðir og gerðar breytingar	Deildarstjórar	Septemb er 2023	Mái 2024	Með umræðum á deildarfundum og með viðhorfskönnun starfsmanna	Að hæfilegt vinnuálag fari upp fyrir 4 í næstu starfsmannakönnun. Á skipulagsdegi munum við greina hvað við getum bætt og hvað ekki. Reynum í kjölfarið að bæta það sem er hægt að laga
Uppeldis- og menntastarf							
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	Að vinna með einstaka greinar sáttmálans og að börnin verði meira höfð í ráðum með ýmsar ákvarðanir	Fá meira fram hugmyndir frá börnunum um hvað er hægt að gera í ýmsum þáttum, s.s. lestur bóka, vinnustundir, útinám o.fl.	Deildarstjórar	Ágúst 2023	Júní 2024	Starfsmenn endurmeta á deildarfundum. Endurmat með börnunum með samræðum í litlum hópum og demantaaðferðinni	Börn og starfsfólk þekki inntak Barnasáttmálans og innihald hans verði samofið daglegu starfi leikskólans. Börnin verða örugg og vita að það er hlustað á og tekið tillit til skoðana þeirra
Menntastefna, útinám og læsi	Útinám og læsi verði enn meiri hluti af daglegu starfi í Hálsaskógi	Öll börn í Koti fara einu sinni í viku í útinám og einu sinni í mánuði á útinámssvæðið í Borg. Börnin í Vogabyggð fari í útinám í nágrenni	Deildarstjórar	Ágúst 2023	Júní 2024	Starfsmenn endurmeta á deildarfundum. Endurmat með börnunum með samræðum í litlum hópum og demantaaðferðinni.	Börnin læra að þekkja náttúruna og umgangast hana af virðingu. Börnin verða læs á umhverfi sitt og geta tileinkað sér sögugerð til að auka við ímyndunaraflíð.



		leikskólans einu sinni í viku. Farið verður í gegnum Sögugrunninn með öllum börnum og unnið með að búa til sögur út frá því.					
Mannauður/ Leikskóla bragur							
Málstefna	Útbúa málstefnu leikskólans sem verður byggð á opinberri málstefnu Íslands	Fáum kynningu á hvað málstefna er og búum til okkar eigin út frá því	Stjórnendur	Október 2023	Mái 2024	Á skipulagsdögum	Starfsmenn skilji hvað málstefna er og finni sameiginlegan takt í vinnu með hana
Þátttaka foreldra	Auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans	Ætlum að vera með foreldraviku þar sem foreldrum verður boðið upp á að koma og taka þátt í dagskipulaginu með börnum sínum	Stjórnendur	Október 2023	Apríl 2024	Spurningakönnun verður send til foreldra, starfsmenn endurmeta á deildarfundum. Mat með börnunum mun fara fram með demantaaðferðinni	Foreldrar fá betri innsýn í hvað börn þeirra eru að gera í leikskólanum og geta haft áhrif á það
Innra mat							
Endurmatshringur og matsáætlun Hálsaskógar	Fara yfir endurmatshringinn til að allir skilji hvernig á að vinna endurmatið	Skoða hvort það sé hægt að einfalda matsáætlunina. Gefa starfsmönnum tíma og rými til að vinna endurmatið út frá endurmatshringnum	Stjórnendur og deildarstjórnar	Nóvember 2023	Nóvember 2023	Starfsmenn og stjórnendur fara yfir endurmatshringinn og matsáætlunina á skipulagsdegi	Skýr og einföld matsáætlun sem auðvelt er að vinna eftir. Allir vinna eftir endurmatshringnum



3 Innra mat deilda

3.1 Birkilundur

Útinám

Við skiptum hópnum upp í tvo hópa, elstu börn voru saman í hóp, tveir kennarar og einn stuðningur og börn f. 2018 og 2019 í hinum hópnum. Stefnt var að því að hver hópur færi einu sinni í viku og ef hægt væri að öll deildinn færi öðru hvoru saman í útinámið. Það gekk nokkurn veginn eftir að hóparnir færu einu sinni í viku en deildinn fór ekki nema tvisvar öll saman þetta skólaárið. Kennarar og börn ræddu það sín á milli hvað þau vildu gera í útináminu og var gengið út frá vilja barnanna hvað þau vildu gera hverju sinni. Börnin á Birkilundi eru vön útinámi og hafa sterkar skoðanir á því hvað þau vilja gera í því, koma með rök fyrir því sem þau vilja gera, hlusta á og fara yfir hugmyndir hvors annars.



Vinnustundir.

Vinnustundir gengu að jafnaði vel, börnunum var skipt upp í þrjá hópa bæði eftir aldri og getu. Ræddu hópstjórar reglulega við börnin í hópnum hvað þau vildu gera og fundu hópstjórar í undirbúningstímum sínum verkefni sem samræmdust hugmyndum barnanna og getu. Þegar börnin ræða sín á milli hvað þau vilja gera í vinnustundum þá læra þau að hlusta á hvort annað og miðla skoðunum sínum sín á milli og finna lausnir þegar hópurinn er ekki sammála. Á deildarfundum var farið yfir hvernig gengi og hvaða markmið og leiðir við vildum fara í vinnustundum.

Demantaaðferð.

Því miður gengu ekki upp þau markmið sem við höfðum sett okkur fyrir þetta skólaár og var einungis gerður einn demantur þar sem börnin tóku þátt í að meta dótið sem þeim er boðið upp á að leika sér með inn á Birkilundi. En við stefnum að því gera betur næsta ár og að þeir sem eru hópstjórar geri þetta reglulega með sínum hóp og börnin fái að vera þátttakendur í því hvað á að meta hverju sinni.

Félagsfærni

Sú vinna sem átti að vera í að efla félagsfærni í hópnum gekk ekki nógu vel í vetur sem valdið hefur því að þeim líður ekki nógu vel í eigin skinni og árekstrar verða barnahópnum. Þessi vetur hefur verið mörgum börnum erfiður inn á deild meðal annars vegna veikinda kennara, starfsmanna breytinga í kennarahópnum og samsetningu barnahópsins. Það þarf því að vinna vel og markvisst í að



epla félagsfærni barna í hópnum og ætlum við kennarar á deildinni að setja þá vinnu í forgang fyrir næsta skólaár. Setja félagsfærni markvisst inn í allt starf á deildinni og hafa barnahópin með okkur í þessari vinnu. Markmiðið er að börnin öðlist meiri færni í að starfa saman, eiga góð samskipti, læra að setja sig í spor annara, sýna hvort öðru góðvild og virðingu og vera læs á tilfinningar hvors annars. Þannig að þegar félagsleg vandamál koma upp í barnahópnum þá hjálpi börnin við að finna sameiginlega lausn sem allir eru sáttir við og engum finnst á sinn rétt gengið. Kennarar gera samskiptamat fyrir hvert barn á deildinni sem farið verður yfir á deildarfundi með því sjáum við kennarar hvernig okkar samskipti eru við börnin á deildinni og getum fundið leiðir til að bæta það sem þarf.



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Demanta -aðferð	Að hver vinnustundarhópur geri demant með sínum hópstjóra tvisvar á hvorri önn. Markmiðið er að börnin finni að skoðanir þeirra, upplifanir og sjónarmið skipti máli fyrir alla.	Í vinnustundum, hópstjórar bera ábyrgð á því að þetta sé gert. Börnin ákveða hverju sinni hvað þau vilja meta	Hópstjórar vinnustund	Sept 2023	Maí 2024	Á deildarfundum deildar. Vinnustundum þar sem hópstjóri metur þetta með sínum hóp og skrifar niður það sem kemur frá barnahópnum svo hægt sé að lesa upp fyrir hópinn það sem kom fram í síðasta endurmati næst þegar þau endurmeta.	Að börn og kennara fái betri yfirsýn yfir hvað höfðar til barnanna í leik og starfi.



Lestur	Hafa skipulagðar lestrarstundir einu sinni á dag þar sem börnunum er raðað í hópa eftir getu. Og að nýta hvert tækifæri sem gefst til að lesa fyrir börn inn á deildinni þó svo það sé ekki í þessum skipulögðu lestrarstundum	Skipulagðar lestrarstundir eftir hádegismat. Lesa meira í vinnustundum og fá börnin til að velja bækur með kennara. Lesa einhverja ákveðna bók á hverjum degi í heila viku og ræða um hana við barnahópinn eftir hvern lestur. Grípa tækifærið þegar það gefst til að lesa fyrir börnin ýmist í stórum eða litlum hópum.	Starfsmenn deildar	Ágúst 2023	Júní 2024	Fá hugmyndir frá börnunum hvaða bækur þau vilja hlusta á. Fara með börnunum á bókasafnið og velja með þeim bækur til að lesa. Hvetja börnin til að koma með bækur að heiman.	Efla málþroska og læsi barna hópsins, íslensku kunnáttu
Félagfærni	Að börnin öðlist góða hæfni og vilja til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti við börn og kennara. Auka samkennd og tilfinninga þroska barna bæði fyrir sér og öðrum	Umræður og verkefnavinna í litlum hópum t.d í vinnustund, útinámi í stórum hópum t.d í samverustundum Uppeldi til ábyrgðar, deildarsáttmáli, félagsfærnisögur, Tilfinningaspjöld, lesa sögur, spila, læra að setja sig í spor hvors annars eins og t.d. í hlutverkaleik.	Deildarstjóri, starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2023	Júní 2024	Endurmeta á deildarfundum hvað gengur vel og hvað ekki, hvað hefur áunnist og eru einhverjar aðrar leiðir sem virka betur. Kennarar geri samskiptarmat fyrir hvert barn á deildinni. Ræða það við börnin og endurmeta hvernig þeim finnst félagsleg samskipti vera á deildinni og hvort þau hafi einhverjar lausnir svo öllum megi líða vel. Passa upp á að öll börn á fái að tjá sig svo raddir allra barna á deildinni heyrist. Taka vel á móti hverju barni svo þau	Að minnka árekstra í barnahópnum, að öll börn öðlist öryggi inn á deildinni og skynji að rödd þeirra og vellíðan skipti máli. Að öll börn eignist vini sem þeim finnst gott að vera með. Að réttlætning og virðing einkenni félagsfærni í samskipum barnanna og þau öðlist vilja og færni til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og



						finni og skilji að þau skipta öllum máli fyrir okkur á leikskólanum.	Samfélagið á deildinni
Fjölbreyti -leiki	Að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því og læri að virða að við erum ekki einsleitur hópur. Heldur hópur þar sem komið er frá mörgum menningarheimum þar sem ríkja kannski önnur gildi og trú. Virðum mismunandi kynhneigð og kyntjáningu.	Í vinnustundum, útinámi, samverustundum, lestrarstundum,	Deildarstjóri, starfsfólk deildar	Ágúst 2023	Júní 2024	Á deildarfundum. Meta út frá gildum og hugmyndafræði Barnasáttmála Sameinuðþjóðanna, Uppeldi til ábyrgðar og Regnbogavottun Reykjavíkurborgar	Að barnahópurinn og kennarar deildar geri sér grein fyrir því að við séum eins misjöfn og við erum mörg en öll erum við jafn mikilvæg fyrir samfélagið. Enginn er góður í öllu en öll erum við góð í einhverju

3.2 Grenilundur

Vinnustundir

Hafa gengið vel hjá okkur, við skiptum hópunum eftir aldri. Elstu börnin voru saman og svo skiptum við yngri börnunum í tvo hópa. Í vetur náðum við að hafa vinnustundir nánast alltaf, við vorum ágætlega mönnum þar sem við erum með stuðning í hverjum hópi og ef hópstjóri hefur verið frá þá hefur stuðningurinn tekið hópinn að sér, þar sem við erum með stóran hóp af börnum á Grenilundi sem þurfa mikla málörvun þá skiptir það að hafa vinnustundir alltaf miklu máli.



Lubbastund

Við höfum náð að hafa markvissa lubbastund 1x í viku, og þar sem við erum með frekar mörg börn sem þurfa meiri málörvun þá hefur lubbastund reynst þeim mjög erfið og því ákváðum við að innleiða lubbastund líka í vinnustund, þar sem börnunum er skipt í smærri hópa og því hægt að aðstoða hvert og eitt barn enn meira.



Matartími

Þetta skólaár breyttum við hádegismatartímanum þannig að börnin fá alltaf að velja sér sæti, það hefur gengið misvel og fer það eftir því hvaða börn sitja saman en við höfum bara unnið úr því hverju sinni. Við ætlum í ágúst samt sem áður að endurmeta hádegismatartímann og ræða saman hvort við munum halda áfram að bjóða börnunum að velja sæti í hádeginu.

Demantaaðferð

Því miður tókst okkur ekki að gera þau markmið sem við settum okkur í tengslum við demantaaðferðina, við gerðum einungis einn demant en markmið okkar fyrir næsta skólaár er að vinna fleiri demanta með börnunum.

Ferilmöppur

Að okkar mati höfum við að hluta til staðið okkur vel með ferilmöppurnar, þá sérstaklega með eldri hópinn. Það hallar frekar á yngri hópinn, þá helst hvað varðar skráningar.

Sögugerð

Markmið sem við settum í sambandi við sögugerð gekk að hluta til vel, við vorum mjög dugleg að vinna sögugerð með elstu börnunum, notuðum mikið sögugerð í vinnustundum en nánast ekkert unnið með sögugerð með yngri börnunum, það er eitthvað sem við þurfum að laga og þar sem það er mjög mikilvægt að börnin fái að spinna sína sögu þá vil ég setja það inn í endurmat að hvert og eitt barn fái að gera 4 sögur, 2 sögur fyrir áramót og 2 sögur eftir áramót.

Útinám



Að fara með börnin í útinám hefur gengið vel hjá okkur á Grenilundi, við skiptum börnunum í tvo hópa og eftir aldri það hefur reynst okkur mjög vel. Okkar markmið var að hver hópur færi einu sinni í viku í útinám eða oftari ef hægt og það hefur staðist hjá okkur. Við fengum hugmyndir frá elstu börnunum hvað þeim langar að gera í útinámi, skráðum það niður og unnum svo með það.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Demantaaðferð	Hver hópur í vinnustund geri demant með sínum hópi a.m.k einu sinni á hvorri önn.	Vinum þetta í vinnustund, hver hópstjóri sér um að þetta sé gert hjá sínum hópi.	Allir starfsmenn	Sept 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum, einnig í vinnustund þar sem við metum með börnunum skrifum það niður og höfum það til hliðsjónar þegar meta á aftur.	Að börn og kennarar sjái betur, fá betri yfirsýn hvað það er sem börnin vilja vinna meira með.
Sögugerð	Hver og einn hópur vinni í sögugerð og hvert barn fái að gera sögu a.m.k tvær sögur á hvorri önn.	Vinum sögugerð í smærri hópum eins og í vinnustund.	Hópstjórar	Sept 2023	Maí 2024	Hver saga er skráð niður og geymd í ferilmöppu barnanna.	Að börn fái aukin málþroska í að segja sögu og færni að tjá sig.
Lestur	Hafa skipulagðar lestrarstundir og lesa fyrir börnin þegar tími gefst til.	Lesu meira fyrir börnin í vinnustund, eftir hádegismat og þegar tími gefst.	Starfsmenn deildar	Sept 2023	Maí 2024	Þjóða börnunum meira að koma með okkur og velja bækur, fá val hvað við lesum.	Auka málþroska og málskilning.

3.3 Víðilundur



Veturinn 2022-2023 bar með sér miklar breytingar sem voru áberandi í daglegu lífi okkar. Það hafa orðið miklar skipulagsbreytingar (að loka Borg -húsinu og stofna aukadeild - Litlilundur úr tveimur herbergjum sem áður voru hluti Víðilundar, og færa hluta deildarinnar okkar yfir í salinn. Margar breytingar sem við gerðum á deildinni komu svo sannarlega við sögu t.d. að deila fataklefa með annarri deild. Við reyndum hins vegar að halda uppi rúttínu, reglulegu útinámi einu sinni í viku fyrir hvern hóp, vinnustund og Lubbastund, sem gekk mjög vel. Vegna hávaða á deildinni völdum við oftast skipulagða starfsemi eða gáfum



börnunum tækifæri til að ákveða hvað þau vildu gera, sem skilaði sér í minni hávaða og skipulagðari tíma í starfi okkar og barnanna. Okkur finnst mikilvægt að raddir barna fái að heyrast oft og að skoðanir þeirra séu teknar með í daglegu skipulagi leikskólans.



Þó að margir þættir hafi gengið vel eða nokkuð vel á síðasta ári viljum við breyta nokkrum atriðum og athuga hvort við getum gert eitthvað öðruvísi til að auka skilvirkni og ánægju barna og starfsfólks. **Lubbastund**, sem frá upphafi naut mikils áhuga barna, en með tímanum urðu þau áhugalaus. Hugmyndin er að færa Lubbastund í vinnustund, vinna í minni hópum og sameina hana með fínhyringum. **Vinnustund** var haldin reglulega og var einn af uppáhalds þáttum barnahópsins í leikskólanum. Starfsmenn hafa í nokkur ár reynt að skiptast á milli hópa mánaðarlega, síðasta árið - einu sinni á 3ja mánaða fresti. Því miður skilaði þetta ekki tilætluðum árangri og stórt klúður veldur því að breyta um hóp fyrir starfsmennina. Því ákváðum við frá og með næsta ári að starfsmenn skyldu skipaðir í barnahópin sinn í gegnum allan veturinn, það mun skila sér í betri skipulagningu vinnustundartímans og öðlast betri yfirsýn og meiri samfella í vinnuna. Vegna hvíldartíma eftir hádegismat á deildinni sem við deilum fatalefa með, væri gott að breyta stundaskránni og vera með vinnustund í stað lestrastundar en lesa fyrir börnin á morgnana, eftir samveru. Við vonum að þá verði minni hávaði og að við munum við öll græða meira á því. Vegna þess að á deildinni eru 25 börn og allt að 7 starfsmenn ber að hafa í huga að regluleg upplýsingaskipti milli starfsmanna eru mjög mikilvæg. Síðastliðið ár, þrátt fyrir miklar breytingar, reyndum við að hafa reglulega deildafundi og þessi hluti af starfi okkar gekk vel.



Útinám var enn og aftur valið af börnunum sem ein af uppáhalds stundunum í leikskólanum, sem og matartíminn og frjáls leikur. Við reynum að eyða þessum tíma fyrir utan leikskólann og látum börnin ákveða hvað þau vilja sjá. Útinámið okkar er fjölbreytt og börnum leiðist aldrei, við munum örugglega reyna að halda sama stigi, sömu hugmyndum og gefa fleiri börnum rödd í þessu máli.

Svolítið um **frjálsan leik**. Við teljum að þetta sé mikilvægur þáttur í tíma í leikskólanum og það sé ekki gott fyrir börn eða starfsfólk að stjórna



tímanum allan tímann, leyfa þeim að ákveða hvað það er sem er skemmtilegt núna. Þetta gerir börnum kleift að læra reglurnar betur, tjá sig og kynnast öðrum börnum og annarri hegðun betur.



Vegna örra breytinga tókum við einnig eftir breytingu á hegðun sumra barna. Það voru oft deilur og sum þeirra réðu ekki við tilfinningar sínar, við ákváðum að gera meira með **lausnaringnum** til að kenna börnum að takast á við

tilfinningar sínar og einnig að leita aðstoðar kennarans þegar barnið þarf á því að halda.

Deildin okkar er með 25 börn, frá upphafi fannst okkur mikilvægt að einu sinni á dag fengi hópurinn tækifæri til að hittast saman. Þrátt fyrir að við reyndum að viðhalda þessari rútínu kom í ljós að það að deila fataklefa (sem var nóg stór til að rúma öll börnin saman) með annarri deild kom í veg fyrir að við syngjum eðlilega. Auk þess tókum við eftir því að börn vilja ekki bara syngja, það var allt of þröngt fyrir fjölbreytta samveru þar, svo þegar við fluttum samveruna í salinn fengum við nóg pláss til að auka fjölbreytni í samveru og við viljum endilega taka skref fram á við í þessa átt svo þetta sé skemmtilegt fyrir alla.

Í stað þess að fylgjast með tímanum í leikskólastarfinu sem kveðið er á um í náminu ættum við að einbeita okkur meira að því að gera þetta nám auðveldara, gefa okkur sjálfum og börnunum tíma til að kanna ítarlega þau viðfangsefni sem vekja áhuga þeirra. Ég tel að rútína sé mikilvæg, en það að halda of mikið við reglurnar og dagskipulagið veldur því miður oft því að við missum af eða fylgjumst ekki



með efni sem börnunum virðast mikilvæg og þau vilja kanna. Auðvitað er gott að hafa rammaáætlun, forsendur og þema sem verða að hjálpa okkur að halda við áætlanir og markmið.

Nú þegar við vitum að næsta vetur mun ekki hafa of miklar breytingar á skipulagi okkar í Kotinu er mikilvægt að laga áætlun okkar og venjur að þeim möguleikum sem nú eru til staðar.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbastund	Að hafa Lubbastund fjölbreytt	Að sameina Lubbastundir með vinnustund	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2023	Maí 2024	Rýnihópar, búa til hugmyndabankann	Deildafundir til að meta markmið
Lausnahringur	Að kenna börnin að stjórna tilfinninganna sína	Regluleg samtal við börn um möguleiki hvernig getum við stjórnað tilfanganna sína og hvað getum við gert ef okkur líður ekki vel	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2023	Maí 2024	Rýnihópar	Deildafundir
Frjáls leikur	Að hafa fjölbreyttari frjálisleikir sem eru stofnaðir eftir hugmynda barna	Samtal og kosningar við börn til að búa til hugmyndabankann	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2023	Maí 2024	Rýnihópar	Deildafundir sem gefa tækifæri að meta ástand og bæta við, demant
Samvera	Að hafa fjölbreyttari samveru	Samtal og kosningar við börn, búa til hugmyndakassa	Allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2023	Maí 2024	Könnun, hugmyndabanki	Könnun í rýnihópnum, demant

3.4 Litlilundur

Við gengum jákvæð og bjartsýn inn í haustið 2022 eftir öldurót s.l. skólaára. Þegar stutt var liðið á skólaárið buðu örlögin okkur upp á nýjar öldur í starfi leikskólans í formi myglu sem greindist í húsnæðinu Borg sem hýsir yngstu börnin. Eftir talsverðan óvissutíma fluttum við úr húsnæðinu í janúar 2023, stærstur hluti barna og starfsfólks fór í Ævintýraborgir en 13 börn af deildum Borgar fengu aðstöðu á hálfri deild í Koti. Úr varð deildin Litlilundur sem deildarstjóri Reynilundar veitti forstöðu.

Við héldum okkur við skipulag fyrri ára í aðlögun og vorum með hluta hópsins f.h. og hluta e.h. Við munum halda þessum hætti í haust þegar aðlögun barna á Litlilundi hefst, með því móti geta öll börn sem hefja aðlögun byrjað sama daginn.

Við stefndum að umbótum í þremur þáttum á þessu skólaári, í útikennslu, markvissri málörvun og að auka endurmat með börnunum. Vissulega höfðu aðstæður áhrif á allt starf en heilt yfir náðum settum markmiðum þegar starfið var með eðlilegum hætti.



Útinám. Þegar aðlögun er lokið og börnin orðin örugg hefst útinámið. Það gekk vel fram eftir hausti og flest börn fengu eina útinámsstund í viku hverri á haustmánuðum. Þegar Litlilundur tók til starfa hófum við útinámsstundir þegar börnin voru orðin örugg í sínu nýja umhverfi og með tilliti til færðar. Útinám hefur verið a.m.k. vikulega síðan þá og stundum tvisvar í viku. Markmið okkar varðandi útinámið náðust því að mestu leyti. Við viljum þó áfram gera vel og ætlum við að halda útinám inni í umbótaáætlun næsta árs fyrir Litlilund og gera það enn markvissara.



1 Börn á Litlilundi í útinámi

Markviss málörvun. Lagt var upp með að koma upp aðgengilegu efni inni á deild til þess að nýta í málörvun með börnunum. Verkfærakistan byggðist upp smám saman eftir því sem leið á haustið og var vel nýtt af starfsfólki deildarinnar. Við nýttum einnig það efni sem Lerkilundur kom sér upp og öfugt. Því miður þurfti að farga öllu þessu efni vegna myglu. Það hefur ekki gefist tóm til endurnýjunar efnisins á Litlilundi á vorönn en við höfum nýtt þann efnivið sem til er í Koti, bækur, spil sem og innihaldsrík samtöl við börnin í daglegum athöfnum. Vegna þess hversu mikilvæg málörvun barna á máltökuskeiði er, munum við halda markvissri málörvun inni sem umbótaþætti fyrir næsta skólaár. Þau börn sem verða á deildinni næsta skólaár eru fædd árin 2020 og 2021 og okkur finnst mikilvægt að leggja metnað í málörvun til þess að byggja upp sterkan grunn til framtíðar hjá börnunum.



2 Börnin völdu rétt á matseðil 3 Barn velur sér sæti við borð



Endurmat með börnum. Meðal þess sem fór í endurmat með börnunum voru matartímar. Í ljós kom að börnin vildu fá að velja sér sæti og tóku öll börnin þátt í að velja nöfn á borð deildarinnar. Allt var gert sjónrænt. Börnin völdu sér sæti á tveggja vikna fresti með því að setja mynd af sér við borðið sem þau völdu. Endurmat um leikfangakost og útiveru/útinám og val um rétt á matseðil fór einnig fram á haustönn. Á Litlalundi er mikil breidd í aldri og þroska barnanna þar fórum við þá leið að börnin velja sér sæti í hverjum matartíma og borðavinnu. Það var mikil breyting fyrir þau að skipta um húsnæði, félagahóp og mörg hver kennara í byrjun janúar. Við lögðum því höfuð áherslu á að skapa þeim öryggi og ró fyrst um sinn, það má eiginlega segja að það hafi verið önnur aðlögun hjá okkur öllum í janúar. Við höfum síðustu vikur verið að vinna að auknu lýðræði barnanna með óformlegri hætti með því að leyfa þeim að hafa meiri áhrif á daginn sinn og þau viðfangsefni sem unnið er að. Stefnan á Litlalundi fyrir næsta skólaár er að auka enn frekar áhrif barnanna á starfið. Endurmatið verður því að aukinni áherslu á að hlusta á raddir barnanna, skapa rólegt andrúmsloft í starfinu og að minnka áreiti og streituvalda í daglegu starfi eftir fremsta megni.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fari í útikennslu amk einu sinni í viku.	Hópurinn fer allur saman með kennurum sínum í útinám.	Allt starfsfólk deildar	Haust 2023	Vor 2024	Eftir þörfum	Fjölbreytt náms- umhverfi. Að börnin læri að halda hópinn, umgangast og tengjast náttúrunni og að styrkja líkamann.
Markviss málörvun	Að auka orðaforða framburð og skilning.	Áhersla lögð á innihalds- ríkar samræður, lestur, spil og sönglög og fleira gert sjónrænt.	Deildar- stjóri og starfsfólk	Haust 2023	Vor 2024	Árangur metinn vikulega á deildar- fundum.	Áhersla lögð á málörvun og gæðastundir með öllum börnum og í minni hópum.
Endurmat og aukið lýðræði barnanna	Hlusta á raddir barnanna og gera þau að þátttakendum í að skapa starfið.	Verkefni og þemavinna verði undirbúin og gerð í samráði við börnin á deildinni.	Deildar-stjóri.	Haust 2023	Vor 2024	Árangur skal meta tvisvar á önn og oftár ef þurfa þykir.	Viðfangs-efni ákvörðuð út frá áhuga barnanna. Tækifæri gripin til náms og verkefna þegar börnin sýna sérstak- lega mikinn áhuga.



3.5 Vík

Veturinn 2022-2023 fluttum við í Ævintýraborg í byrjun janúar og í lok febrúar tók ég við deildarstjórastöðunni á Vík. Starfsmönnum og börnum var blandað saman á deildir í Ævintýraborg og við verðum hér allan næsta vetur a.m.k. Þá ætla ég í þessari greinagerð að einblína á okkar tíma hér, hvað hefur verið gert og hverju við ætlum að breyta og bæta.



Aðlögun barna hér í Ævintýraborg gekk mun betur en við bjuggumst við. Þar sem að börnin þekktu hvort annað og starfsfólkið á deildunum þá fannst þeim þetta bara gaman og spennandi að leika á nýjum stað með nýtt dót. Starfsfólkið þurfti að sjálfsögðu líka að aðlagast nýju starfsumhverfi og gekk það ágætleg en tók vissulega aðeins á. Þessi tími hér er mikið búinn að fara í að búa til ný námsgögn, kynnast nýju umhverfi, nýju samstarfsfólki, aðlagast því að vera með matsal og hafa flæði í matartímum auk ýmissa annarra verkefna.

Hið skipulagða útinám datt alveg út þegar við fluttum hingað. Þess vegna verður það aftur á umbótaáætlun næsta vetrar. Útiveran í garðinum hefur samt átt sinn stað og hefur sú útivera verið lærdómsrík. Nýr garður, nýtt dót og að sjá vinnumennina laga garðinn hefur vissulega verið kennsla út af fyrir sig og höfum við spjallað oft og mikið um hvað sé í gangi í garðinum, hvað vinnumennirnir séu að gera og hvernig þeim finnst að leika í þessum stóra og fína garði.

Matmálstímarnir hafa verið í mikilli þróun. Það er mikil breyting að fara frá matmálstímanum þar sem allir borða á sama tíma inni á deild yfir í það að vera með flæði, þar sem börnin þurfa að fara út af deildinni og inn í sal til að borða í litlum hópum. Matmálstímarnir ganga vel núna eftir smá aðlögunartíma.

Við gerðum einn demant þessa önnina. En sú aðferð er notuð til að meta hvað börnunum finnst skemmtilegast í leikskólanum. Við prentuðum út myndir af dóti og börnin sögðu hvað þeim þótti skemmtilegast að gera af þeim myndum sem við vorum með. Svo röðuðum við þessum myndum upp í demant, efst er það sem flestum fannst skemmtilegast og neðst er það sem þeim fannst síst.

Mikið hefur verið um lestur á deildinni en get ekki vottað það að öll börn hafi fengið lestur á hverjum einasta degi og verður það því aftur á umbótaáætlun næsta vetrar. Auk þess fór Hr. Níels alveg í frí eftir flutningana en við ætlum að taka hann upp næsta haust. Hr. Níels fer þá heim með börnunum



og foreldrar skrifa í bók hvað börnin gerðu með honum. Svo koma þau með bókina og Hr. Níels í leikskólann og segja okkur frá hvað þau gerðu saman.

Markvissa málörvunin datt mikið út hér í Vogabyggðinni. Við höfum svo sannarlega talað mikið saman og unnið ýmis verkefni sem reyna á málið. Erum einnig með sjónrænt dagskipulag sem við skoðum og tölum saman um, tilfinningaspjald þar sem við ræðum um tilfinningarnar okkar og hvernig okkur líður auk þess eru bækur mikið skoðaðar á deildinni og rætt saman um innihald bókanna.

Lubbastundirnar dattu líka út af planinu en við höfum samt verið að hlusta á lögin og ræða hljóðin og táknið en ekki í skipulagðri röð eða á fyrir fram ákveðnum tíma. Við ætlum að vinna úr því strax í haust þar sem Lubbi er svo frábær.

Nú er veturinn 2022-2023 á enda og við tökum spennu á móti vetrinum 2023-2024. Þar sem við erum komin í æfingu að vera í Vogabyggðinni þá lítum við björtum augum á næsta vetur og hlökkum til að byrja aftur starfið okkar á þessum stað.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fá skipulagðan tíma í útinámi 1x í viku.	Skiptum börnum í hópa og setjum á dagskipulag hvenær hvaða hópur fer í útinám.	Allt starfsfólk á deild	sept 2023	Júní 2024	Metum árangur á deildarfundum og eftir þörfum. Gerum mynda- og textaskráningar.	Að börnin læri að umgangast og tengjast náttúrunni í fjölbreyttu námsumhverfi.
Bókmenntir barna	Að öll börn fá lestrarstund 1x á dag að lágmarki	Skiptum börnum í hópa eftir þroska og getu og veljum bækur við hæfi.	Allt starfsfólk á deild	Sept 2023	Júní 2024	Metum árangur á deildarfundum og eftir þörfum. Endurmat með börnum fer fram með umræðum.	Að börnin þjálfist í hlustun og geti unnið úr þeim upplýsingum sem lesið er um.
Lubbi	Að skipulögð lubbastund verði 1x í viku.	Setjum Lubbastundir á dagskipulag 1x í viku.	Allt starfsfólk á deild	Sept 2023	Júní 2024	Metum árangur á deildarfundum. Endurmat með börnum fer fram í verkefnum tengdum táknum og hljóðum	



3.6 Bali

Flutningur leikskólans í nýtt húsnæði og aðlögun barnanna að nýjum stað gekk betur en maður þorði að vona. Við fundum það svo vel í janúar hvað við starfsfólkið erum mikilvægir fastir punktar í degi barnanna og það að hafa aðila hjá sér sem þau þekkja og treysta skipti börnin meira máli heldur en í hvaða húsi þau eru.



Ég hef verið á deildinni frá því í janúar en tók við sem deildarstjóri í mars. Þá urðu einnig aðrar smávægilegar breytingar á starfsmannahópnum.

Það sem var einna mesta þúsið fyrst eftir flutninginn var að finna út úr hvaða skipulag hentaði best þegar kom að matsalnum. Þetta var eitthvað sem við kunnum ekki nógu vel á í byrjun og erum við búnar að prófa allskonar útfærslur áður en við fundum út hvað hentaði okkur best. Börnin voru fljót að venjast og þetta hefur gengið mjög vel eftir að það var komið skýrt skipulag á matartímana.

Það sem við erum sérstaklega ánægðar með er lestur og málörvun. Við höfum verið duglegar að lesa fyrir börnin í samverustundum sem og fara með minni hópa á bókasafnið að lesa. Við höfum einnig spilað mikið og almennt setið mikið með börnunum, stutt þannig við þau í leiknum og spjallað við þau.

Lubbastundirnar hefðu hins vegar mátt vera markvissari, við fylgdum ekki sérstöku skipulagi með hvenær þær voru eða hvaða málhljóð við tókum fyrir hverju sinni. Okkur vantaði líka stafina og táknið til þess að hengja upp á vegginn til að gera þau sýnilegri.

Útinámið datt alveg út eftir flutning, en við þurfum að læra betur á nærumhverfið hér í Vogabyggðinni sem býður upp á fullt af möguleikum til skemmtilegs og uppbyggjandi útináms. Í haust þurfum við að setja okkur raunhæf markmið sem auðvelt er að fylgja eftir.

Veturinn gekk einstaklega vel miðað við aðstæður og er það magnaðri aðlögunarhæfni starfsfólks og barnanna á Bala að þakka. Einnig voru foreldrar virkilega samvinnuþýðir og skilningsríkir. Ég á því ekki von á öðru en að næstkomandi skólaár muni halda áfram að ganga vel og við getum enn frekar aðlagð faglega starfið okkar að nýjum stað.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að öll börn fari í útikennslu amk. 1 sinni á tveggja vikna tímabili.	Fara í ferðir með litla hópa með tveimur starfsmönnum	Deildarstjóri og starfsfólk	Ágúst 2023	Maí 2024	Við metum árangur á deildarfundum og eftir þörfum Gera skráningar sem fara í ferilmöppur barnanna.	Fjölbreytt námsumhverf i. Að börnin læri að umgangast og tengjast náttúrunni og að styrkja líkamann.
Lubbi	Hafa Lubbastundir minnst einu sinni í viku	Festa Lubbastund inn í dagskipulag	Deildarstjóri og starfsfólk	Ágúst 2023	Maí 2024	Við metum árangur á deildarfundum og eftir þörfum.	Bæta hljóðavitund barnanna
Demantaaðferð	Gera demant tvisvar á hvorri önn með börnunum.	Vinum demantinn með litlum (4-6) barnahóp.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Ágúst 2023	Maí 2024	Við metum árangur á deildarfundum og eftir þörfum.	Að börnin finni að þeirra skoðanir, upplifanir og sjónarmið skipti máli.



3.7 Strönd

Strönd er eina deildin í Vogabyggð sem er blönduð börnum úr Hálsaskógi og Vogabyggð. Þetta er yngsta deildina og deildastjóri Strandar er úr Ævintýraborg. Þar byrjuðu upphaflega 7 börn frá okkur og tveir starfsmenn. Þegar við fluttumst inn á deildina í janúar 2023 var hún að hefja aðlögun nýrra barna og því varð þetta ný og samsett deild.

Ýmsar áskoranir fylgdu þessari blöndun en það gekk þó yfirleitt vel. Þegar líða fór á önnina sáum við að við höfðum lítið unnið í fínhyfiverkefnum sökum þess hve erfitt það er að sitja við lágt borð með öll hin börnin í kring. Við fórum því að nýta borð í matsalnum og unnum markvisst að því að auka fínhyfivinnu með barnahópnum. Við héldum okkar hefðum að mestu inni og unnum t.d. verkefni í ferilmöppur en daglegt skipulag deildarinnar leiddi deildarstjóri. Starfsfólk komst minna í undirbúning en við hefðum viljað en mikilvægt er að starfsfólk deilda fái sinn undirbúningstíma.

Foreldrasamtöl voru haldin á vormánuðum og voru foreldrar nokkuð jákvæð miðað við aðstæður. Margir töluðu um að heilsufar barnsins þeirra hafi batnað til muna eftir flutningin og teljum við það afar jákvætt.

Í apríl fluttist eitt barn yfir á Vík og við ljúkum þessu leikskólaári með 6 börn frá okkur á Strönd. Það er fyrirséð að við verðum áfram í Vogabyggð og mun Strönd hefja nýtt leikskólaár með deildastjóra frá okkur og aðlögun barna sem innrituð eru í Hálsaskóg.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestrarstundir	Lesi daglega fyrir smærri hóp	Setja upp skipulag og nýta bókasafn	Deildastjóri og starfsfólk	Sept '23	Maí'25	Á deildarfundum	Áhugi barnanna á bókalestri.
Fínhyfji verkefni	Vinna að því að efla fínhyfingar daglega eftir kaffitíma yfir vetrartímann	Þjófna upp á fjölbreytt verkefni við matarboðið okkar í matsalnum	Deildastjóri ber ábyrgð og starfsfólk fer eftir skipulagi og kemur með hugmyndir	Sept'23	Maí'24	Framfarir barna metnar og ræddar á deildarfundum og í foreldrasamtölum	Aukið öryggi barnanna og skapar innri ró
Útinám	Setja upp skipulagðar stundir úti þó ekki sé farið langt	Kynna markvisst fyrir börnunum skynfæri í útiveru, bragð, lykt, áferð og liti. Efla öryggiskennd þeirra í garðinum.	Deildastjóri og starfsfólk	Sept'23	Maí'24	Skráning á því hvað gengur vel og hvað gengur illa. Umræður á deildarfundum.	Öryggi barnanna í útiveru.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Eins og undanfarin ár var sérkennslan umfangsmikil í Hálsaskógi. Óvenju mikið hefur verið um mannabreytingar og tilfæringar innan hópsins. Einnig stóðum við frammi fyrir nýjum áskorunum í sérkennslu varðandi þyngd mála og var álag á starfsfólk gríðarlegt og grípa þurfti til nýrra leiða til þess að fá dagana til að ganga upp. Á starfsdegi í haust komu sérkennsluráðgjafar frá Suðurmiðstöð og voru með skráningarnámskeið fyrir stuðningsaðila hjá okkur og reyndist það mjög vel. Flest barna sem njóta stuðnings í leikskólanum eru í atferlisþjálfun og skráning eftir þeirri forskrift.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Hljóm-2 og EFI-2 voru lögð fyrir öll börn sem uppfylltu skilyrðu. TRAS í einhverjum tilfellum nýtt en ekki hefur gengið að gera þá skráningu fyrir alla jafnt og þétt yfir árið. AEPS er notað með flestum börnum sem notið hafa stuðnings og einnig nokkrum börnum sem þarf að vinna með sérstaklega. Í þeim tilfellum eru oft valdir þættir AEPS nýttir en ekki listinn í heild.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni er fyrst og fremst það sem til er í leikskólanum auk þess sem starfsmenn útbúa viðeigandi gögn sjálfir og nýta það sem áður hefur verið útbúið.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Almennt skipulag	Að einfalda skipulag.	Fækka börnum á hvern stuðningsfulltrúa og hafa minna flæði á milli deilda, en flæði innan deildar er þó ennþá	Sérkennslu tjóri í samvinnu við deildarstjóra og leikskólastjóra þegar við á.	Þegar hafið		Með umræðum við starfsfólk um líðan og upplifun.	Jákvæð endurgjöf frá stuðningsaðilum.
Rafræn dagbók	Koma af stað rafrænni dagbók til viðbótar við raunheimadagbók.	Skrá alla viðburði, fundi og annað og deila með því starfsfólki sem við á hverju sinni.	Sérkennslu tjóri	Haus t 2023	Vonandi aldrei	Um áramót og að vori. Hvort að minna sé um að gleymist að boða aðila á fundi.	Aukin skilvirkni
Fundir fyrir stuðningsaðila	Að skapa betri grundvöll til umræðna og samstarfs.	Setja þessa fundi niður strax að hausti. Bæði hóp fundi fyrir hvort starfsstaði. Einnig bjóða upp á vinnufundi með einstaka stuðningsaðilum.	Sérkennslu tjóri & leikskólastjóri	Haus t 2023	Vonandi aldrei	Áramót og vor.	Aukin skilvirkni og betri gæði þjónustunnar.
Einstaklings-áætlanir	Að festa gerð einstaklingsná	Sérkennslu tjóri taki beinan þátt í slíku að	Sérkennslu tjóri í samvinnu við	Haus t 2023	Er áframhaldi	Að einstaklingsnámskrár liggja fyrir	Að einstaklingsnámskrár liggja



	mskráa betur í sessi.	hausti og haldi utan um yfirferð og endurmat eftir þörfum.	stuðningsaðila			amk 2xá skólaári.	fyrir amk 2xá skólaári.
--	-----------------------	--	----------------	--	--	-------------------	-------------------------

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Leikskólinn er með verkefnastjóra fjölmenningar sem sinnir sérstaklega málörvun þessa hóps ýmist með einstaklings eða hópstundum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Orðaforðalisti MMS, orðaforðalisti sem notaður hefur verið í atferlisþjálfun & samsuða af ýmsum matslistum hafa verið í notkun og hafðir til hliðsjónar. Gefðu 10 er allt skólaárið haft bak við eyrað en á hverju ári höfum við farið af fullum krafti í það eftir áramót. Þá hafa starfsmenn gert tengslahring og í kjölfar þess raðað börnunum upp í Gefðu 10. Það er nýtt með öllum börnum en ekki eingöngu fjöltyngdum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Þessi orðaforðavinna er stöðug. Endurtekning er mikilvæg, t.d. að lesa sömu bækur oft en einu sinni. Þennan þátt má samt bæta mikið í starfinu.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Með stöðluðum matstækjum eins og Hljóm og EFI, mögulega TRAS. Einnig hefur verið vísað til talmeinafræðings Suðurmiðstöðvar og endurmetið eftir þörfum. Í sumum tilfellum er stuðst við orðaforðalista við þessa vinnu.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Með fjölbreyttum viðfangsefnum í almennu leikskólastarfi reynir á alla þessa þætti og því unnið með þá alla á einhvern hátt. Þetta er annar þáttur sem má styrkja vel.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markvissari málörvunarvinnu inni á deildum	Að unnið sé með málörvun fjölyngdra með markvissari hætti inni á deildum í öllu daglegu starfi.	Að skapa einhverskonar leiðbeiningar fyrir deildir, t.d. um markvissa orðaforðainnlögn. Fundur með verkefnastjóra fjölmennings- & deildarstjórum til að sjá hvernig best er að framkvæma þetta og hverju deildarstjórar óska eftir.	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningsr.	Haust 2023	Vor 2024.	Hvort að þessi vinna hafi farið fram. Samtal milli verkefnastjóra & deildarstjóra.	Skráning á stöðu fjölyngdra barna að hausti & vori.
Að fjölyngd börn á báðum starfstöðum fá aukna íhlutun	Að öll fjölyngd börn fái einstaklingsmiðaða íhlutun til viðbót við aðra innlögn.	Að verkefnastjóri fjölmenningsr eða valinn starfsmaður sinni báðum starfstöðvum Hálsaskógar.	Sérkennslustjóri & verkefnastjóri fjölmenningsr	Haust 2023		Hvort þetta hafi átt sér stað flestar vikur.	Með skráningu á málörvunarstundum.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram í formi snerpusamtala sem halda á tvisvar á ári. Hvert samtal er að hámarki 30 mínútur. Allir starfsmenn í Koti fóru í samtal í nóvember/desember. Samtölin í Vogabyggð drógust vegna aðstæðna og voru þau ekki fyrr en í apríl/maí. Ráðgert að samtal tvö verði í september/október. Auk þessa leggur leikskólustjóri áherslu á góð, dagleg samskipti við starfsmenn og hvetur þá til að koma með mál til sín þegar þurfa þykir.



Á skipulagsdögum höfum við fengið fræðslu um útinám og félagsfærni, námskeið í leikrænni tjáningu, gæðamálörvun, tónmál, vinnu með fjölmenningu, kynningu á hvað málstefna er.

Þá hafa starfsmenn farið á ýmis námskeið og fræðslu, s.s. Menntafléttuna, Tras, námskeið um sköpun o.fl.

Tveir starfsmenn eru í leikskólaliðanámi og einn var í viðbótarnámi leikskólaliða. Einn var í diplómanámi í sérkennslu sem hann lauk í vor.

Á næsta skólaári er áætlað að fá frekari fræðslu um málstefnu, námskeið um Barnasáttmálann auk þess sem deildarstjórar fara á námskeið og vinnusmiðjur sem sérstaklega verða sniðnar að þeirra starfi. Þá fór einn starfsmaður á fagnámskeið 1.

Einn starfsmaður verður í leikskólakennaranámi, tveir í leikskólaliðanámi, einn í viðbótarnámi leikskólaliða og einn í meistaranámi í tónlistarkennslu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skólastjórnendur í Seljahverfi hafa ekki náð að skipuleggja samstarf næsta skólaár til hlítar en þar sem það hefur verið í nokkuð föstum skorðum síðastliðin ár þá má gera ráð fyrir að skipulagið verði nokkurn veginn svona:

- September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
- Október: Gamli leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
- Nóvember: Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2024-2025.
- Maí: Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnunum til grunnskólanna.
- Báðir grunnskólarnir í hverfinu, Seljaskóli og Ölduselsskóla hafa boðið elstu börnunum að koma á nemendaleiksýningar og þá er okkur boðið í Ölduselsskóla fyrir páskana að skoða páskaunga sem eru þar ár hvert.



- Auk þessa erum við í samstarfi við Ölduselsskóla með valáfanga hjá unglिंगastiginu þar nemendur í 8., 9. og 10. bekk geta valið um að koma í starfsnám í Hálsaskóg. Þau koma þá einu sinni í viku, tvo tíma í senn og stendur hvert tímabil yfir í átta vikur. Mikil ánægja hefur verið með þetta samstarf.

8 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð Hálsaskógar er skipað þremur til sex fulltrúum sem kosnir eru á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri heldur utan um foreldraráðið og boðar reglulega til fundar sem haldnir eru í byrjun dags.
- Foreldrafundir eru haldnir að hausti í september/október að morgni til. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sitja þennan fund. Farið er yfir komandi skólaár og hverjar áherslur verða í starfinu. Auk þess fá foreldrar kynningu á foreldrahandbók og leikskóladagatalinu. Haldnir eru tveir fundir, einn fundur fyrir hvort hús. Áætlað er að hafa þessa fundi 14. september (Kot) og 5. október (Vogabyggð). Kynningarfundur er haldinn fyrir foreldra nýrra barna að vori þar sem farið er yfir áherslur leikskólans, sem og hvernig fyrirkomulag aðlögunar er. Deildarstjórar hafa síðan samband við foreldra og fá þau í viðtal áður en börn þeirra byrja í leikskólanum.
- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári. Fyrri viðtölin fara fram í nóvember og þar er farið yfir líðan barnsins. Í seinni viðtölunum sem venjulega fara fram í mars er farið í líðan og þroska barnsins. Að þessu sinni var foreldrum boðið upp á fjarviðtöl eða símaviðtal í október og apríl/maí. Það gafst vel og sjáum við fyrir okkur að halda áfram að bjóða upp á þetta form viðtala einu sinni á ári. Foreldrar barna sem eru að byrja í Hálsaskógi eru alltaf boðin í fyrsta viðtal áður en vistun barnsins hefst. Í maí/júní eiga sér stað foreldraviðtöl fyrir foreldra þeirra barna sem eru að flytjast á milli húsa og deilda. Það viðtal sitja fráfaramandi deildarstjóri barnsins og væntanlegur deildarstjóri.
- Foreldrafélag er starfandi í Hálsaskógi og í félaginu sitja 5-6 fulltrúar og skipta þeir með sér verkum. Foreldrafélagið sér um að skipuleggja og halda utan um ýmsa viðburði. Félagið stendur einnig straum að ýmsum kostnaði s.s. leiksýningum, sveitaferð og jólaballi. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um foreldrafélagið og situr fundi með þeim. Foreldrafélagið hittist til að funda þegar þörf er á, eins fara fram samskipti inn á lokuðum hóp á Fésbókinni.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar 2023-2024	
Þriðjudagur 22. ágúst	Heill skipulagsdagur.
Föstudagur 13. október	Heill skipulagsdagur.
Föstudagur 24. nóvember	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Föstudagur 2. febrúar	Heill skipulagsdagur.
Mánudagur 11. mars	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Föstudagur 17. maí	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi



Leikskóladagatal 2023 - 2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JUNÍ	JULÍ
1 Þ		1 F	1 S	1 M	1 F Fullvektisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F Þorrakaffi	1 F	1 M Annar í Þáskum	1 M Verkalýðisdagurinn	1 L	1 M Hálsakógur 13 ára
2 M		2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Skipulagsdagur	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F		3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Vasalísadagur	4 S	4 M Forektravika í Vogabyggð	4 F	4 L Blár dagur	4 Þ	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ Jólaferiastaði í Koti	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Brettándinn	6 Þ	6 M Dagur leikskólans	6 L	6 M	6 F Skólasit	6 L
7 M	7 F Frídagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F Jólaferiastaði í Koti	7 S	7 M	7 F Dagur tónlistarskólans	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ		8 F Dagur læsis	8 S	8 M Barátudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M		9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F		10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Leikskólinn byrjar í sumarfrí
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M Dagur íslenska táknaðsins	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F Forektrafundur í Vogablaði	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F Forektravíðtöl hefjast	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F Skipulagsdagur	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M Sprengidagur	13 M	13 L	13 M Fjölmenningsvika hefst	13 F
14 M		14 F Forektrafundur í Koti	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 M Óskudagur	14 F	14 M	14 Þ	14 S Sumarfrí
15 Þ		15 F Sumarfrí	15 S	15 M	15 F Jólabíð	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M
16 M		16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Forektravika í Koti	16 F	16 L	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 M Lýðveldisdagurinn
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 Þ	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Rauður dagur	19 F	19 M Bændadagur - upphaf þorra	19 M	19 S	19 M Hvítasunnudagur	19 M
20 S		20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F Annar í Hvítasunnu	20 L
21 M		21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F Skipulagsdagur	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 M	23 Þ	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 M	24 F	24 M	24 F	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 F
26 L		26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 F
27 S		27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M		28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ	31 F	31 M	31 S	31 M	31 F	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

Í reglum um leikskólalögnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalögnustu lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfrí. Leikskólalögnustu ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hálsaskógar

_____Ásgerður Guðnadóttir_____30.06.2023
Leikskólastjóri Dagsetning

Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2023 – 2024
Leikskólinn Hálsaskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bryndís Björnsdóttir

Elísabet Magnúsdóttir

Guðbjörg Ásta Jónsdóttir

Írena Guðlaugsdóttir

Lena Sólborg Valgarðsdóttir

Umsögn foreldraráðs:



Þrátt fyrir krefjandi aðstæður eftir að upp kom mygla í Borg hefur tekist að koma öllum vel fyrir og starfsfólkinu hefur tekist að halda úti metnaðarfullu og faglegu starfi.

Starfsfólk hefur verið jákvætt hugsað í lausnum á þessum tímum sem og öðrum, skipulag markvisst og gott starf, foreldrar verið vel upplýstir um breytingar og annað.

Útinámið hefur verið vel útfært.

Núna fer uppbygging á Borg loks að hefjast, og garðurinn á lokametrinum.

Starfsáætlun Hálsaskógar er mjög fagmannlega unnin, metnaðarfull og spennandi. Greinargerðir deildarstjóra eru vel unnar og gefa góða innsýn í starfið sem fer fram á hverri deild. Innra og ytra mat leikskólans er vel unnið enda nauðsynlegt til þess að halda uppi góðu starfi á leikskólanum. Augljóst er að gerðar eru miklar og raunhæfar kröfur til starfsfólks leikskólans og starfið allt í heild sinni.

Leikskólastjóri hefur staðið sig alveg ótrúlega vel á þessum krefjandi tímum að skipuleggja og halda leikskólastarfinu gangandi með eins litlu raski og hægt er og þökkum við henni kærlega fyrir það og hennar störf. Stjórnendur leikskólans og starfsfólkið allt er til fyrirmyndar.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun Hálsaskógar 2023-2024.



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



